



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Þriðjudagur, 25. ágúst, 2015

Ákvörðun nr. 21/2015

Kaup Sóma ehf. á öllu hlutafé Kartöfluverksmiðju Þykkvabæjar hf.

I. Málavextir og málsmeðferð

Með bréfi dags. 10. júlí 2015 var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um fyrirhuguð kaup Sóma ehf. (hér eftir Sómi) á öllu hlutafé Kartöfluverksmiðju Þykkvabæjar hf. (hér eftir KÞ). Sama dag barst Samkeppniseftirlitinu samrunaskrá sem var í samræmi við ákvæði samkeppnislaga nr. 44/2005 með síðari breytingum og reglur nr. 684/2008 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum. Um var að ræða svokallaða styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga og reglur nr. 684/2008. Greiðsla samrunagjalds var einnig innt af hendi þann sama dag. Ýmis gögn og upplýsingar liggja fyrir frá samrunaaðilum, auk þess sem Samkeppniseftirlitið hefur aflað upplýsinga með öðrum hætti. Að því marki sem Samkeppniseftirlitið telur upplýsingar þær sem eftirlitið býr yfir skipta máli fyrir niðurstöðu máls þessa er þeirra getið hér.

II. Niðurstaða

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða það nái yferráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna. Hér á eftir verður samrunanum lýst nánar.

1. Samruninn og samrunaaðilar

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yferráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða það nái yferráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, líkt og í máli þessu, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna.

Eigendur Sóma eru tveir einstaklingar, Alfreð Frosti Hjaltalín og Arnþór Pálsson, og eiga þeir hvor um sig helming í fyrirtækinu. Eigendurnir eiga jafnframt helmingshlut hvor í fasteignafélaginu Krakatindi ehf. sem leigir út fasteignir, m.a. til Sóma ehf. Eigendurnir og fyrrnefnd fyrirtæki eru ekki eigendur að öðrum fyrirtækjum.

Eigendahópur KÞ er allstór, en alls er um að ræða 31 eiganda, aðallega einstaklinga.

2. Markaðir málsins og staða viðkomandi fyrirtækja á þeim



Í kafla 7 við reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 684/2008 um tilkynningu samruna segir m.a. svo:

„Með viðkomandi vörumarkaði er átt við markað fyrir vörur og/eða þjónustu sem neytendur líta á sem staðgönguvörur eða staðgönguþjónustu vegna eiginleika sinna, verðs og áformaðrar notkunar. Markaður er sölusvæði vöru og staðgönguvöru og/eða sölusvæði þjónustu og staðgönguþjónustu, sbr. 4. gr. samkeppnislaga. Staðgönguvara og staðgönguþjónusta er vara eða þjónusta sem að fullu eða verulegu leyti geta komið í stað annarrar.

Meðal þátta, sem skipta máli við mat á viðkomandi markaði, er greining á því hvers vegna viðkomandi vara eða þjónusta tilheyrir þessum markaði og hvers vegna önnur vara eða þjónusta tilheyrir honum ekki samkvæmt framangreindri skilgreiningu og með hliðsjón af, meðal annars, hvort varan eða þjónustan nýtist sem staðgönguvara eða staðgönguþjónusta, samkeppnisstöðu, verði, verðsveiflum vegna eftirspurnar eða öðrum þáttum sem máli skipta við skilgreiningu á markaðnum“.

Til landfræðilegs markaðar telst það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki eru viðriðin framboð og eftirspurn eftir viðkomandi vöru eða þjónustu, þar sem samkeppnisskilyrði eru nægilega lík og unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, einkum vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega frábrugðin á þeim svæðum. Í áður tilvitnuðum reglum um tilkynningu samruna segir svo um landfræðilegan markað:

„Meðal þátta sem skipa máli við mat á viðkomandi landfræðilegum markaði eru eðli og einkenni viðkomandi vöru eða þjónustu, hugsanlegar aðgangshindranir eða neytendavenjur, greinilegur munur á markaðshlutdeild fyrirtækja á þessu svæði og aðliggjandi svæðum eða verulegur verðmunur“.

Ekki er þörf á ítarlegri skilgreiningu á mörkuðum í þessu máli en fjallað skal stuttlega um samrunaaðila og þá markaði sem samrunaaðilar starfa á hér á eftir.

2.1 Sómi ehf.

Sómi framleiðir og selur í heildsölu tilbúna rétti af ýmsu tagi, svo sem samlokur, hamborgara, pastabakka og vefjur. Þá framleiðir fyrirtækið jafnframt salöt ofan á brauð sem og majones. Tilgangur félagsins samkvæmt samþykktum er matvælaframleiðsla og nauðsynleg starfsemi henni tengd, rekstur fasteigna og lánastarfsemi.

Sómi starfar á markaði fyrir heildsölu á tilbúnum réttum, skyndibita og samlokum, einnig á yfirmarkaði fyrir framleiðslu, dreifingu og heildsölu dagvöru og á undirmarkaði undir þeim markaði fyrir sölu á öðrum matvörum til dagvöruverslana. Undir þann markað falla meðal annars sósur, ídýfur og tilbúnir réttir. Ekki er þörf á því að skilgreina þennan markað í nánari undirmarkaði í máli þessu. Þá starfar Sómi einnig á markaði fyrir sölu á veitingum fyrir fundi og veislur, svokallaða veislubakka. Enn fremur starfar Sómi á markaði fyrir sölu á tilbúnum mat til upphitunar fyrir mötuneyti á höfuðborgarsvæðinu.

Landfræðilegur markaður Sóma í þessu máli er Ísland allt.



Á nefndum mörkuðum starfa fjöldamargir aðilar og þó nákvæmra upplýsinga um markaðshlutdeild hvers og eins hafi ekki verið aflað í máli þessu þar sem Samkeppniseftirlitið taldi ekki þörf á því, en markaðshlutdeild Sóma er mismunandi há eftir vörutegundum.

2.2 Kartöfluverksmiðja Þykkvabæjar hf.

KÞ framleiðir og selur matvörur í heildsölu, fyrst og fremst kartöflur og vörur unnar úr þeim. Skráð starfsemi félagsins er „*Vinnsla á kartöflum*“ og er tilgangur félagsins, samkvæmt samþykktum, ýmiss konar fullvinnsla á kartöflum í neytendaumbúðir, rekstur fasteigna og lánstarfsemi. Í vöruúrvali KÞ er einnig að finna nasl, frosið grænmeti, hrásalat og kartöflusalat.

KÞ starfar á markaði fyrir sölu á vörum unnum úr ávöxtum og grænmeti til dagvöruverslana sem og á markaði fyrir sölu á vörum unnum úr ávöxtum og grænmeti til mötuneyta.

Landfræðilegur markaður KÞ er, í þessu máli, Ísland allt.

Nákvæmra upplýsinga um markaðshlutdeild KÞ og keppinauta fyrirtækisins var ekki aflað í máli þessu, enda þess ekki talin þörf að mati Samkeppniseftirlitsins.

2.3 Möguleg samkeppnisleg áhrif samruna

Líkt og greint hefur verið frá starfa samrunaaðilar á nokkrum mörkuðum sem eru um margt tengdir en ekki er um að ræða að aðilarnir starfi báðir á sömu mörkuðum. Vegna þessa, sem og þess að ekki eru vísbendingar um markaðsráðandi stöðu fyrirtækjanna á viðkomandi mörkuðum, teljast samkeppnisleg áhrif samrunans vera óveruleg. Þá má taka undir með samrunaaðilum að aðgangshindranir inn á flesta þá markaði sem samrunaaðilar starfa á eru óverulegar.

Að öllu framangreindu virtu er það því niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að engar vísbendingar séu um að samruninn komi til með að hindra virka samkeppni. Af þeim sökum er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til þess að aðhafast vegna þessa samruna.

Ákvörðunarorð:

„Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna þessa máls á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson